

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. mars 2014
Tilvísun: UST20140200228/bs

Meðallandsvegur (204) Breyting á legu vegar - umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða færslu Meðallandsvegur á 1,3 km löngum kafla við Efri Steinsmýri. Nýr vegur fer mest 270 m frá núverandi vegi.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er í Meðallandshrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Hraunið er mjög sandi orpið og því telur Umhverfisstofnun að áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar á jarðmyndunina verði minni en ella. Umhverfisstofnun telur að til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á hraun eigi að leitast við að raska ekki hraunhólum sem næstir eru fyrirhuguðu vegstæði. Í þessu skini verði látið ógert að taka skeringar í hraunhóla.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur að gera hefði átt grein fyrir því hver verði afdrif aflagðs hluta vegarins og hvort til standi að afmá þann hluta og draga þannig úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur